

Reykjavík 19. apríl 2022



Efni: Framboð til kirkjupings.

Ég Elísabet Gísladóttir djákni á hjúkrunarheimilinu Sóltúni og formaður Djáknafélags Íslands býð mig fram til kirkjupings.

Ástæða framboðs:

Ég gef kost á mér til kirkjupings til að bjóða fram krafta mína og áhuga á að nýta tækifærin sem ég sé í samfélaginu og vegna þess að ég ber hag og sálarheill, einstaklingsins fyrir brjósti. Lykilþættir þess tel ég vera að hlúa að trúarlegum, andlegum og félagslegum þáttum sem er hluti að lífsgæðum og vellíðan manneskjunnar.

Lengi má gott bæta í kirkjulegu starfi til að mæta þeim áskorunum sem eru í samfélagi okkar í dag. Ástæður þess eru margar en tækifærin eru til staðar og kirkjan verður að nýta þau. Ein þeirra leiða er að nýta tækifæri í að efla díakoníu - kærleikspjónustu kirkjunnar enn frekar. Bæði til að hlúa að núverandi sóknarbörnum og halda þeim í kirkjunni en ekki síður til að ná til stærri hóps, þeirra sem ekki eru skráð í kirkjuna.

Ég sat í stefnumótunarhópi kærleikspjónustu kirkjunnar sem lauk störfum með tillögu á síðasta ári. Tillaga okkar var samþykkt á síðasta kirkjupingi. Nefndin safnaði mikið af gögnum en mikil vinna liggur fyrir að fylgja þeirri tillögu úr hlaði því vil ég gjarnan bjóða fram krafta mína, meðal annars í það verkefni. En öll útfærsla og kostnaðargreining á eftir að fara fram og vera samþykkt. Kærleikspjónustan er samofin allri annarri stefnumótun kirkjunnar. Ég hef á mínum starfsferli unnið mikið í fjármálum, stjórnun, skipulagningu og stefnumótun sem skilar sér í mikilli reynslu sem ég tel að nýtist í mikilvægu endurskoðunarstarfi sem kirkjan stendur frammi fyrir.

Kirkjuping er vettvangur til að gera þær umbætur sem til þarf. Sýn djákna tel ég vera mikilvæga í annars góðum og fjölbreyttum hóp sem kirkjuping samanstendur af.

Ég tel mig hafa bæði fjölbreytta reynslu og menntun í að vera góður liðsmaður á kirkjupingi, því býð ég fram þjónustu mína á þessum vettvangi.

Um mig

Í dag, starfa ég sem djákni í 80% starfi á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Ég er einnig lýðheilsufræðingur og rek eigið óhagnaðardrifið félag, Lýðheilsusetrið Ljósbot, sem er í anda díakoníunnar sem vinnur með fólk sem hefur misst fótanna í lífinu og vill komast inni í samfélagið að nýju. Við höfum boðið uppá námskeið og þjálfun í samstarfi við Virk endurhæfingu. Einnig höfum við boðið námskeið fyrir kennara og fagfólk sem vinnur með börnum og ungmönnum.

Fyrri störf:

Starfandi djákni á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Eigandi og framkvæmdastjóri Lýðheilsusetursins Ljósbrots.

Forstöðumaður á hæfingarstöðinni Dalvegi. Sem er hæfing fyrir fólk með fötlun.

Rekstrarstjóri Götusmiðjunnar. Meðferð fyrir unga fíkla.

Framkvæmdastjóri Heilsugæslu Mosfellsbæjar.

Aðalbókari Reykjalundi.

Aðalbókari og gjaldkeri hjá Toyota umboðinu

Bókari hjá ýmsum endurskoðunarskrifstofum og á eigin vegum.

Hef haldið fjölda námskeiða og staðið að ráðstefnum um andlega iðkun, hér á landi og erlendis.

Dæmi um námskeið:

Kærleiksbænir og bænaiðkun
Centering praying
Mindfulness MBCT MBSR
Self compassion – vinsemd í eigin garð
Halló hamingja
Seiglan sigrar
Vellíðan í skólum
Hamingjusamir kennarar hamingjusamir nemendur

Félagsstörf:

Formaður Djáknafélags Íslands.

Stefnumótunarnefnd kærleikspjónustu kirkjunnar.

Stofnandi, Bænahóps Grafarvogskirkju frá 1995.

(Innleiddi Kyrrðarbæn - Centering prayer, inn í bænahópinn okkar 1998. Fór með fyrsta bænahópinn til Snowmass 2007). Ég var svo lánsöm að fá sérstaka leiðsögn hjá föður Tomas Keating og bróður William A. Meninger.

Sat í sóknarnefnd og valnefnd Grafarvogskirkju.

Stofnfélagi í Rótaryklúbbi Reykjavík Grafarvogur.

Formaður Íbúasamtaka Grafarvogs.

Sat í stefnumótunarnefnd fyrir innleiðingu á Heilsueflandi skólum í Reykjavík.

Sit í Velferðarnefnd Sjálfstæðisflokksins til Alþingis og sveitastjórna.

Sit í Verkalýðsnefnd Sjálfstæðisflokksins.

Menntun:

Lýðheilsufræðingur MPH, Læknadeild HÍ.

Kennsluréttindi, framhaldsskóla Menntavísindadeild HÍ.

Sálgæsla, framhaldsmenntun Endurmenntun HÍ.

Fötlunarfræði, framhalds diplóma Félagsfræðideild HÍ.

Guðfærði, BA djákni Guðfræðideild HÍ.

Iðnrekstrarfræði, markaður stjórnnum fjármál Tækniháskóli Íslands nú HR.

Auk sótt fjölda ólíkar námskeiða.

Fjölskylda:

Ég er gift Arnóri Valdimarssyni, flugvirkja og flugvélstjóra hjá Air Atlanta.

Ég á þrjú börn:

Gísli Berg, framleiðslustjóri RÚV, maki Tinna Arnarsdóttir kennari.

Kristína Björk, lögfræðingur, maki Helgi Þór Leifsson skurðlæknir.

Eiríkur Björn, flugvirki.

Ég á fimm barnabörn.

Og hundinn Mána.

Nánar um mína sýn á vöxt kirkjunnar sem ég tel vera fólgin í að efla faglega díakoníu.

Díakonían (kærleikspjónustan) er grundvallarvæðing í eðli kirkjunnar, sem tjáir það sem er í raun kirkja og kirkjan stendur fyrir.

Köllun djákna birtist áþreifanlega í því að kenna (boða), vera í samfélagi með fólki (biðja) og að bregðast við (fólki í neyð) (þjónandi). Díakonían er skilin sem umönnunar þjónusta kirkjunnar, þar sem fagnaðarerindið er tjáð með kærleika í verki. Ein af áskorunum diakoníunnar er að takast á við ólík verkefni til að virkja fólk til þátttöku með valdeflingu og skipulögðum faglegum aðferðum.

Fyrsta skrefið er að koma auga á þá sem eru í vanda, greina aðstæður og meta þörf og getu. Næsta skref er að leggja mat á hvernig kirkjan getur komið til móts við þörfina. Síðasta skrefið er að bregðast við eftir að kortlagning hefur verið gerð. Til að geta mætt þessari þörf þarf að skipuleggja, flokka og kortleggja starfsvettvang þjóna kirkjunnar.

Fyrsta flokkunin er að skoða tengslin við stofnanir sem snýst um, samvinnu og þjónustu. Þetta getur líka verið í formi guðsþjónustu og helgistunda. Önnur flokkunin er að koma á samstarfi með samfélagsuppbyggingu á hverjum stað, þar sem tilgangurinn er að efla eða virkja innra samfélag og samskipti milli fólks. Hér erum við til dæmis að tala að aukna uppbyggingu á starfi með börnum, ungmönnum, öldruðum og fólki á miðjum aldir sem stundum gleymist. Síðast en ekki síst er að leita uppi hópa sem eru einmana, daprir, syrgjandi og sjúkir. Einnig fólk í sérstökum aðstæðum lífs síns eins og aðstandendur ólíkra jaðarhópa. Þriðja flokkunin fjallar um guðsþjónustuna sálgæsluna sem getur verið með ólíkum hætti. Þetta getur verið allt frá því, að spjalla saman í kirkjukaffi, (vera hlustandi), í það að greina og greiða aðgengi fyrir þá sem þurfa: Fólk í hjólastólum, blindra, fatlaða ofl.. Síðasti skilgreindi flokkurinn er vinna í félagslegu kerfi, til dæmis, heimsóknarþjónustu eða umhverfisvernd. Samfélögin eru að breytast og raddirnar verða sífellt háværari sem kalla á samfélag án aðgreiningar þar sem kirkjuþjónustan þarf að vera gestrisin og bjóða öllum heim. Við þurfum að koma til móts við þróun samfélaga, siðferði og gagnrýni.

Flest erum við bæði þiggjendur og gefendur djáknaþjónustunnar í lífinu. Með það fyrir augum þurfum við að gefa öllum tækifæri til að gefa á valdeflandi hátt, til að upplifa og að vera virkir þátttakendur. Eins að leyfa fólki að leggja sitt af mörkum með hæfileikum sínum og áhugamálum innan kirkjunnar. Mikilvægt er að fólk verði ekki bara áhorfendur og þiggjendur. Með að virkja samfélag kirkjunnar getur það leitt til að þátttaka verði aðgengilegri eða auðveldari og upplifun gleðilegri og jákvæðari þar sem byggt er á jafnréttisgrundvelli og virkni þeirra sem geta. Samfélag sem einkennist af jafnræði og gagnkvæmri virðingu gerir ráð fyrir samræðum. Gegnum þannig díakoníu er það skilið að við erum samferðafólk, samstarfsmenn, sóknarbörn, sem og einstaklingar eða samfélag. Mikilvægt er að byggja á samræðu allra sem þátt vilja taka til að skapa jákvæðar breytingar til vaxtar.

Þarna tel ég tækifærin liggja til eflingar kærleiksstarfs kirkjunnar og vexti hennar í heild. En við þurfum að vinna það faglega og skipulega, meðvituð af kærleika og elsku til Guðs og samfélagsins alls.

Með kærleikskveðjum
Elísabet Gísladóttir djákni.